um föngum, sem úrskurðaðir höfðu verið í gæsluvarðhald vegna framangreinds máls. Getur hann ekki borið um, hvað rætt var í hverju einstöku símtali, og er honum ekki unnt að staðfesta þau ummæli, sem eftir honum eru höfð í dagbókinni frá 3. mars sl. Þótt ummælin væru rétt eftir höfð, felst ekki í þeim, að dómsformaður hafi tekið neina þá afstöðu í málinu, er geri hann óhæfan til meðferðar þess. Dómsformaður víkur því ekki sæti.

Úrskurðarorð:

Dómsformaður, Gunnlaugur Briem, víkur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 164/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Antonssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 21. september 1977, sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar að því er ætla má í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Í bréfi ríkissaksóknara, dags. 23. þ. m., sem barst Hæstarétti sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu gerð sú dómkrafa, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. september 1977.

Ár 1977, miðvikudaginn 21. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, kveðinn upp úrskurður þessi.

Þann 20. júlí sl. var kærði, Guðmundur Antonsson, úrskurðaður í gæsluvarðhald í sakadómi Reykjavíkur allt til kl. 1740 í dag svo og til að sæta geðheilbrigðisrannsókn vegna rannsóknar á láti Hrafns Jónssonar, sem lést af völdum áverka í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík að kvöldi þess 19. júlí sl. Kærði hefur játað að hafa ásamt Grétari Þ. Vilhjálmssyni lent í átökum við Hrafn, barið hann og brugðið ól um háls hans og hert að.

Í niðurstöðu réttarkrufningar á líki Hrafns Jónssonar, dags. 21. júlí sl., segir m. a.: „Við krufningu sáust áverkar á hálsi, sem benda til þess, að hert hafi verið að hálsi mannsins . . . . . Telja verður, að maðurinn hafi látist af samverkan áverkanna á hálsi og alkóhóls".

Rannsókn ofangreinds máls er á lokastigi, en niðurstaða geðrannsóknar liggur ekki fyrir. Kærði er heimilislaus drykkjusjúklingur.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1., 3. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu á gæsluvarðhaldi kærða til greina, þannig að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 23. nóvember n. k. Brot það, sem kærði er sakaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald það, sem kærði, Guðmundur Antonsson, var úrskurðaður í þann 20. júlí sl., framlengist, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 23. nóvember n.k.